

# Rótaryklúbbur Mosfellssveitar

## 17. mars 1981 - 2001

### ÁVARP FORSETA RÓTARYKLÚBBS MOSFELLSSVEITAR

Rótaryhreyfingin var stofnuð af Chicago-búanum Paul Harris 27. febrúar 1905 og er starfsgreinafélagsskapur sem heldur fundi vikulega. Félagar eru yfir 1.200.000 í nálaðt 29.500 klúbbum í 160 löndum. Þar af eru á Íslandi um 1000 félagar í 28 klúbbum.

#### Markmið Rótaryhreyfingarinnar

Markmið Rótaryhreyfingarinnar er meðal annars að vera alþjóðafélagsskapur leiðandi manna sem sameinast um þá ósk að þjóna öðrum án tillits til trúarbragða, stjórnáma, kynþáttu eða þjóðernis. Að gera rótaryfélagana með þátttöku í rótaryfundum og rótarystarfi að fróðari, viðsýnni, hamingjusamari og umburðarlyndari félögum en áður, og þar með hæfari til að

vinna í hugsjónaanda rótary að bættu mannlífi í sinni eigin fjölskyldu, í sveitarfélagi sínu, landi sínu og á alþjóðavettvangi. Að bera gagnkvæma virðingu fyrir störfum hvers og eins klúbbfélaga.

Rótary leitast við að ná þessu markmiði með því að stuðla að skilningi og friði meðal allra manna og þjóða, efla frelsi og réttlæti í viðhorfum til mannlegs lífs. Það vill rótary gera á grundvelli þessara spaklegu orða: Það sem þér viljið að mennirnir gjöri yður það skuluð þér og þeim gjöra.

#### Rótarysjóðurinn

Flaggskip Rótaryhreyfingarinnar er Rótarysjóðurinn sem heitir á ensku The Rotary Foundation. Úr þeim sjóði eru styrkt ýmis verðug verkefni en uppistaða


hans er framlög félaga Rotary International sjálfrar.

Mesta framtak Rótarysjóðsins er svokallað Polio-Plus áatak, sem hefur það að markmiði að safna 400 milljónum dollara til að standa straum af bólusetringu allra barna í þróunarlöndunum gegn lómunarveiki og öðrum smitsjúkdónum sem hrjá börn þriðja heimsins og ljúka verkefninu fyrir 100 ára afmæli Rótaryhreyfingarinnar árið 2005. Þetta verkefni er unnið í samvinnu við WHO Alþjóða heilbrigðisstofnunina og UNICEF, Barnahjálp sameinuðu þjóðanna. Árangurinn er meiri en menn óraði fyrir.



Jón Garðar Ágústsson

### KVEÐJA FRÁ UMDÆMISSTJÓRA



Ég færí Rótaryklúbbi Mosfells-sveitar innilegar hamingjuóskir í tilefni 20 ára afmælis klúbbinsins þann 17. mars 2001. Það var mér sönn ánægja við heimsókn mína í klúbbinn

þann 5. desember sl. að fá að afhenda honum viðurkenningu frá Rótarysjóðnum fyrir hästa framlag klúbbfélaga hér á landi til sjóðsins á síðasta starfsári. Þegar ég kallaði eftir því nýverið að rótaryklúbbarnir í umdæminu legðu fram fé til aðstoðar á jarðskjálfasvæðunum í El Salvador og á Indlandi kom það mér ekki á óvart að Mosfellssveitarklúbburinn væri fyrstur til að bregðast við og leggja sitt af mörkum. Flyt ég klúbbnum kærar þakkir fyrir framlag hans til fræðslu- og mannúðarmála í heiminum sem innt er af hendi í gegnum Rótaryhreyfinguna.

Ég hef verið félagi í Rótaryhreyfingunni í liðlega áratug og þegar ég lít til starfsemi hreyfingarinnar eru það þrjú orð sem koma upp í hugann og einkenna hreyfinguna og félaga hennar að mínu mati eins og áður hefur komið fram hjá mér, en það eru:

#### Ábyrgð, manngildi, þroski

Ábyrgðin endurspeglast í því að í Rótaryhreyfinguna veljast karlar og konur sem eru á einn eða annan hátt leiðandi í samféluginu, atvinnulífinu og þjóðféluginu. Að taka ábyrgð og bera hana er eitt það mikilvægasta fyrir hvern einstakling í lífinu, hvort sem um er að ræða ábyrgð gagnvart sjálfum sér, fjölskyldu sinni, eigin menntun, þjóðféluginu, atvinnulífinu eða hvað-eina því sem færir einstaklingnum þá staðfestu sem er kjarni manngildisins.

Manngildið er einn af hornsteinum rótaryhugsunarinnar. Að meta hvern og einn af eigin verðoleikum hans og mannkostum hvaða hlutverki sem hann gegnir í flóknu og margbreytilegu skipulagi nútíma þjóðfélags. Heiðarleiki, drengskapur og þegnskapur eru gulls ígildi í hraða nútímans, en með kröfum um háa siðgæðis-

vitund undirstrikar Rótaryhreyfingin mikilvægi þess að félagar hennar lifi fyrir sæmdina af því að vinna vel og hjálpa til að lyfta þjóðinni allri í viðleitni sinni til betra samfélags.

Þroskinn lýsir sér best í þeirri mannrækt sem stunduð er í klúbbunum, í samféluginu og á alþjóðlegum vettvangi á vegum Rótaryhreyfingarinnar. Með þátttöku sinni í verkefnum í eigin samfélagi og með framlögum í Rótarysjóðinn m.a. til að takast á við ólæsi, fátækt, offjölgun, sjúkdóma og náttúruhamfarir í heiminum opnast augu rótaryfélaga fyrir mikilvægi þess að þjóna einhverju mikilvægara en sjálfum sér í lífinu.

Með kveðju,  
Steinar Fridgeirsson  
Umdæmisstjóri 2000-2001

**Fundir haldnir  
í Hlégarði alla  
þriðjudaga kl. 19:00**

## Rótarýlenduminn

Rótarýklúbburinn okkar fékk stóra spildu ofan við kjúklingabúið að Teigi til trjáræktar árið 1990. Þar höfum við plant-að út alls konar trjám og runnum á hverju ári. Á vorin er mætt í rótarýlenduminn og þar tekið til hendinni.

Gróðursettar eru nýjar plöntur, borið er á og klipptar til þær plöntur sem hafa aflagast eftir vetrarveðrin.

### Fjölskylduvænt verkefni

Þetta er hin besta skemmtun. Við höfum maka börn og aðra fjölskyldumeðlimi með okkur. Allir hjálpast að við að bera áburð á

plönturnar, hreinsa grasið frá nýgræðingnum og dreifa plöntum til þeirra sem best handleika skóflurnar.

### Grillveislur í gróðrinum

Á þessum 10 árum sem landið er búið að vera í umsjá Rótarýklúbbs Mosfellssveitar hefur verið gaman að sjá árangurinn sem birtist okkur í hvert sinn sem við förum þar um. Þessar ferðir okkar í lundinn eru ógleymanlegar. Þær enda alltaf með grillveislu og skemtilegum uppákomum.

### Áhugi á skógrækt

Fullyrða má að íbúar Mosfellsbæjar hafi verið ötulir að planta trjám í sitt heimaland. Víða í hlíðum byggðarinnar eru




Allir taka þátt

fallegar hríslur að stinga sér upp sem duglegt fólk og áhugasamur garðyrkjustrjóri hafa unnið að. Það er göfugt starf. Við ætlum líka að vera dugleg að fylla lundinn okkar að trjám og runnagróðri.

### Ábatasöm iðja

Hægt er að segja að plönturnar vaxi þó við séum lögst til hvílu. Svo málið er að vera duglegur að planta þó hríslan sé ekki stórvaxið í upphafi, hún stækkar, vertu viss!

Útgefandi: Rótarýklúbbur Mosfellssveitar  
Ábyrgðarmaður: Friðbert Pálsson  
Umsjón útgáfu: Friðbert Pálsson,  
Knútur Óskarsson, Jón Jóhannsson,  
Vigfús Aðalsteinsson, Páll Ólafsson,  
Hafberg Þórisson, Jón Garðar Ágústsson  
Prentun: Gutenberg. – Upplag: 3.000stk



Í lok gróðursetningar

## FÁÐU MEIRA

PEPSI



## Tuttugu árum fagnað

Rótarýklúbbur Mosfellssveitar var stofnaður 17. mars 1981 og fagnar því 20 ára afmæli sínu um þessar mundir. Stofnfeldagar voru 22 og eru 10 þeirra ennþá í klúbbnum í dag.

### Nýr klúbbur fæðist

Ðöldragandinn að stofnun klúbbs okkar var sá að Jón Jóhannesson hafði verið búsettur í Ólafsvík og verið rótarýfélagi þar. Hann var fluttur í Mosfellssveit og hóf að kanna hvort þar væri starfandi rótarýklúbbur.

Jón Gunnlaugsson, félagi í Rótarýklúbbi Seltjarnarness, sem var þá umdæmisstjóri, greip hugmyndina og gengust klúbbfélagar hans fyrir stofnun klúbbs okkar á 10 ára afmælisári sínu. Er Rótarýklúbbur Seltjarnarness því móðurklúbbur okkar.

Félagar í Rótarýklúbbi Seltjarnarness reyndust okkur mjög vel og tóku virkan þátt í uppeldi afsprengisins. Fræddu þeir okkur um Rótarýhreyfinguna og ýms önnur mál og voru ólatir við að mæta á fundi hjá okkur og halda þar erindi. Hefur verið gott samband milli klúbbanna síðan.

Þegar klúbburinn var stofnaður var meðalaldur félaga innan við fjörutíu ár og taldist lágor. Í dag eru í klúbbnum 26 félagar.



Í móttöku hjá Þóri Gunnarssyni ræðismanni Íslands í Prag

### Mannbætandi starf

Það hefur á margan hátt verið þroskandi og gefandi að vera félagi í rótarýklúbbi.

Samskiptin við félagana á fundum og ekki síður við ýms önnur tækifæri hafa eft vináttu sem er og verða mun öllum félögum dýrmæt er fram líða stundir.

Eru endurminningar frá samverustundum hinn dýrmæti fjársjóður sem hægt er að ganga í er kemur fram á ævina.

Á fundum okkar sem eru haldnir einu sinni í viku eru yfirleitt fyrirlesarar sem hafa flutt fræðandi erindi um alla skapaða hluti. Höfum við félagarnir oft komið margs vísari heim af klúbbfundum og öðlast aukinn skilning á störfum annarra en eitt af markmiðum rótarý er að efla skilning og vináttu manna á milli og ekki síst

ebla skilning og virðingu fyrir störfum hver annars, m.a. þess vegna halda félagarnir í klúbbi sínum erindi um starfsgrein sína.

### Upphafið í Chicagó

Rótarýhreyfingin er alþjóðleg hreyfing. Varð fyrsti klúbburinn til árið 1905 í Chicagó.

Félagar voru fyrst 5 að tölum og héldu fundi á skrifstofum sínum til skiptis. Skiptu þeir þannig um fundarstað vikulega og þaðan er nafnið komið. Rótarýklúbbarnir eru starfsgreinaklúbbar þannig að ekki eiga að vera fleiri en einn félagi úr hverri starfsgrein í hverjum rótarýklúbbi.

Nú hittast rótarýfélagar vikulega á ákveðnum fundarstað á ákveðnum tíma og snæða saman og njóta samvista hver við annan og hlýða gjarna á einhvern fróðleik. Með því stuðlar rótarý að auknum kynnum manna á meðal, eflir skilning manna á starfi hver annars og leitast við að efla þjónustuhugsjónina en hana telur rótarý vera skilyrði allrar góðrar og gagnlegrar starfsemi.

Nú eru í heiminum um 29500 rótarýklúbbar og eru félagar tæplega 1.200.000. Rótarýklúbbar eru starfandi í öllum heimsálfum og flestum löndum heims hvað sem trúarbrögðum eða kynþáttum líður.

### Rótarýsjóðurinn

Allir rótarýfélagar í heiminum leggja fé í sjóð, Rótarýsjóðinn. Eru framlög í sjóðinn frjáls. Sjóður þessi er mjög öflugur. Hann er ekki byggður á söfnunarfé heldur eingöngu á framlögum rótarýfélaga sjálfra. Rótarýsjóðurinn veitir ýmsa styrki til rótarýklúbbba eða einstaklinga. Eru námsstyrkir Rótarýsjóðsins taldir einhverjur þeir bestu og eftirsóttustu sem völ er á. Hafa 39 Íslendingar fengið námsstyrki úr sjóðnum.

### Baráttu við sjúkdóma

Árið 1985 hófst fyrir forgöngu Rótarýsjóðsins átak til þess að bóluseta öll bönn í þróunarlöndunum gegn lómunardeiki og fleiri barnasjúkdónum. Er stefnt að því að átaki þessu ljúki árið 2005 með því að lómunardeiki hafi þá verið útrýmt úr heiminum.



Afhending Paul Harris orðu fyrir vel unnin störf



Frá Karlsbrúnni í Prag

### Hin góðu kynni...

Rótarýhreyfingin stuðlar ekki eingöngu að kynnum milli þeirra manna sem sækja rótarýfund. Gengst rótarý fyrir alls konar alþjóðlegum samskiptum manna á meðal svo sem nemendaskiptum, starfshópaskiptum, vináttuheimsóknunum, ungmannaskiptum í sumarleyfum, sumararbúðum o.fl.

Þá er öflugt alþjóðlegt félagslíf rótarýfélaga við tómstundaiðkun. Hittast t.d. rótarýfélagar sem stunda einkaflug iðulega og golfkeppnir eru háðar, bæði Norðurlanda-, Evrópu- og heimskeppnir. Fleira mætti telja.

Rótarýhreyfingin lætur sér annt æskuna og hún lætur sér annt um gamla fólkid.

Í hátiðasöng – Minni Rótarý eftir Ragnar Jóhannesson hljóðar fyrsta erindið svo:

Ei hófst hún með göngu né herlúðradyn sú hreyfing, er vér skulum minnast.

Í handtaki föstu frá hugþekkum vin er henni því léttast að kynnast, -í falslausri vináttu frjálsborins manns, í félagsskap traustum og þjónustu hans.

### Ánægjulegt starf

Rótarý hefur hingað til starfað í kyrrþey en ekki við herlúðradyn og áskilur sér hvorki hrós né þakklaeti fyrir það starf sem hreyfingin hefur innt af hendi. Er Rótarýfélögum nægilegt að vita um árangurinn sem náðst hefur af starfinu. Við félagarnir í Rótarýklúbbi Mosfellssveitar erum stoltir af því vera hluti af svo miklu alþjóðlegu aflu sem raun ber vitni en telur þó ekki nema tæplega 1.200.000 félaga í heiminum öllum.

Megi Rótarýklúbbur Mosfellssveitar eflast og dafna um ókomin ár.

Örn Höskuldsson



## Öflugt félagsstarf

Það er hverjum manni nauðsynlegt að eiga félagsleg samskipti við meðbræður sína. Til þess myndum við ýmis félög sem hafa margvísleg verkefni og sjónarmið sem henta hverjum og einum. En til þess þurfum við að kynnast verkefnum og starfsemi þess félagsskapar sem hugnast eða hentar þeim sem leitar félagsskapar við samferðamenn sína.

Í þessu blaði okkar rótarýmanna, sem við gefum út í tilefni 20 ára afmælis okkar, ætlum við að kynna félagsskap okkar í þeim tilgangi að þeir eða þær sem finnsta að þessi félagsskapur geti höfðað til þeirra, banki á dyr hjá okkur. Fjórþrófið sem við fórum sameiginlega með í lok hvers fundar er nokkurs konar vers sem er farið með sameiginlega en ekki sungið, minnir okkur á að taka ýmsa hluti alvarlega og félagsmenn eru alvarlegir í fasi þegar þeir mæla



saman fjórþrófið. En við sláum oft á létt strengi og við gleymdu ekki mökum okkar og börnum.

Einu sinni á ári hverju hafa verið haldin svokölluð konukvöld en þá bjóðum við konum okkar á góðan veitingastað og matseðillinn er vandlega valinn af mesta matgæðingi klúbbins. Einum klúbbfélaga er falið að flytja minni kvenna og í flestum tilfellum tekst það vel. Komið hefur fyrir að þeir klúbbfélagar sem geta bundið mál sitt í ljóðum hafa flutt konum mál sitt í bundnu máli og hefur það brætt hjortu þeirra að því er best verður séð. Nú hafa tvær konur gengið í klúbbinn svo ljóst er að konukvöld framtíðarinnar breytast í makavöld.

Árshátið halda klúbbfélagar árlega, oft með öðrum rótarýklúbbum og hafa þær samkomur skilið eftir góðar minningar og eft kynningu meðal rótarýfélaga. Tvisvar sinnum á þessum 20 árum hefur Rótarýklúbbur Mosfellssveitar haldið fundi erlendis. Í Lúxemborg hélt klúbburinn fyrir nokkrum árum konukvöld. Ferðin var jafnframt skemmti- og verslunarferð fyrir fjölskylduna til Trier í Þýskalandi og var það öllum eftirmannanleg ferð.

Í nóvember s.l. var 1000 fundurinn haldinn hátiðlega í borg turnanna, Prag. Farið

var fimmtudaginn 23. nóv s.l. með téknneskri flugvél á vegum Heimsferða og lent í Prag tæpum 4 klst. síðar. Vel skipulögð dagskrá beið rótarýfélaga og maka í Prag. Margir fóru í þriggja klst. gönguferð á föstudeginum um miðborgina þar sem minjar auðlegðar Prag frá fyrra öld kom í ljós og jafnframt menjar afturfarar og hnignunar síðustu áratuga.

Þórir Gunnarsson ræðismaður Íslands í Tékkóslóvakfú og Ingibjörg Jóhannsdóttir kona hans buðu hópnum til veislus á heimili sitt áður en haldið var á hátiðarfundinn um kvöldið.

Laugardagurinn var fullbókaður með verslunarferðum og stór hópur fór í Ríkisóperuna um kvöldið þar sem flutt var óperan Nabucco eftir Verdi.

Það má því til sanns fegar fáera - að rótarýfélagsskapurinn styrkir okkur í að sýna og sanna að maður er manns gaman.



A góði stund



### Tækja Tækni hf.


**MAPRESS** Pressfitting lagnaefnið

- Alltaf skrefi á undan

- Ryðfrítt stál AISI 316 fyrir neysluvatnslagnir.
- Svart carbonstál fyrir miðstöðvalagnir.

Þjónustuaðilar um allt land.

### Yfir 30 ára góð reynsla við íslenskar aðstæður



**Tækja-Tækni hf**  
**Smiðjuvegi 44d**  
**Kópavogi**  
**sími 557 5400**


MORAINXX

mora  
(ma) armatur



# LÚXUS blöndunartæki fyrir heimilið

Morainxx er nýjasta línan frá Mora og fæst  
bæði fyrir bað og eldhús



Smiðjuvegi 11 • 200 Kópavogur  
Sími: 564 1088 • Fax: 564 1089 • tengi.is

## Eykur það velvild og vinarhug?

Óhætt er að segja að Rótarýhreyfingin starfi á kristilegum grunni, enda er eitt megin inntak hreyfingarinnar sá boðskapur bíblíunnar að það sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður skuluð þér og þeim gjöra.

### Að bæta heimin

Ein spurningin í fjórþrófi rótarýmannna er: „Eykur það velvild og vinarhug?“. Með því að spryja sig slískrar spurningar í störfum sínum leitumst við við að glæða þjónustuhugsjónina nýju lífi í öllum þeim störfum sem við tökum okkur fyrir hendur.

Rótarýhreyfingin starfar mest á alþjóðlegum grunni og hefur með samtakamætti allra rótarýmannna í heiminum lyft grettistaki, einkum í hinum svokallaða þriðja heimi, þar sem kraftar hreyfingarinnar hafa notið sín í bólusettingarherferð gegn barnasjúkdónum.

En rótarýhugsjónin er til staðar þar sem hennar er þörf og án þess að eftir henni sé leitað sérstaklega, hún er til staðar í öllum verkum okkar bæði í atvinnulífinu og innan fjölskyldu og vina. Þannig er það ekki heldur aðalsmerki rótarýmannsins að bera á

torg það sem hann er að gera og hugsa hverju sinni.

### Gefandi samskipti við aldraða

Rótarýklúbbur Mosfellssveitar hafði hér fyrr á árum mjög gott samstarf við Kvenfélag Lágafelssóknar um dag aldraðra, sem kallaður var svo í bæjarsféluginu, þessi dagur var okkur öllum ákaflega mikilvægur og skemmtilegur og fólst einkum í því að sækja aldraða borgara sem áttu ættir sínar

til Mosfellssveitar viðsvegar að úr nágrenni bæjarins og eiga með þeim skemmtilegan dag í Hlégarði, þar sem spilað var á spil og bingó og þegið kaffi og veitingar frá kvenfélagskonunum. Að loknum degi var síðan gestum okkar ekið aftur til síns heima. Starf þetta var ákaflega vel þegið og skemmtilegt og sannar fyrir okkur að ekki þarf alltaf að hafa svo mikið fyrir hlutum til þess að þeir verði ánægjulegir, mannbætandi og öllum til góðs.

Sá er þetta ritar sendir þessum gömlu vinum okkar bestu kveðjur með þakklæti fyrir stólast.



Einu sinni á ágústkvöldi...

**BÍLAVERKSTÆÐI**  
Guðvarðar og Kjartans  
Önnumst allar almennar blfrelðavlögerðir,  
jeppabreytingar, rennslmíði,  
sprautun o.fl.



Flugumýrl 16 c, Mosfellsbær  
Sími: 666257 - Farsími: 985 36057  
Fax: 667157

  
**BílaVerkstæði  
Sigurbjörns Árnasonar**  
Flugumýri 2 • Mosfellsbær  
**Sími 566 62 16**

  
**MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI**  
KÓPAVOGUR GRAMMAR SCHOOL

  
**G. PÁLASON ehf.**  
Finahofða 12 • 130 Reykjavík  
Sími 567 4080 • Fax 567 4084 [gp@gp.is](mailto:gp@gp.is)  
**RAFLAGNIR-BODLAGNIR-TÖLVULAGNIR**

## Því miður

eiga allt of margir of lítinn rétt til ævilífeyris þegar „bestu“ árin renna upp, en við höfum lausnina.

Við hjá Allianz bjóðum fram aðstoð okkar til að tryggja öruggan ævilífeyri.

### Dæmi:

- 51 árs kona sem leggur fyrir 32.000.- krónur á mánuði til 67 ára aldurs.
- Þegar hún er orðin 68 ára fær hún greiddan lífeyri til æviloka 74.000.- krónur á mánuði sem hækkar að lágmarki um 1,2% á ári.
- Ef viðkomandi leggur fyrir til 70 ára aldurs þá yrði byrjunarlífeyrir 104.800.- krónur.




Ef viðkomandi fellur frá áður en til lífeyris kemur er allur höfuðstóllinn greiddur út ásamt vöxtum til eftirlifandi. Eftirlaunatryggingin býður tryggingartaka í lok samningstíma að skipta lífeyrisgreiðslum milli tryggingartaka og maka hans.

Allianz í Þýskalandi ábyrgist útgreiðslu höfuðstóls ásamt vöxtum.

Allianz er stærsta tryggingafélag í heimi, með starfsemi í 77 löndum og yfir 60 milljónir viðskiptavina. Félagið fékk í júní 2000 einkunnina AAA frá hinu þekkta matsfyrirtæki Standard & Poors.

- Allianz Ísland hf. söluumbod Höfðabakka 9, 6 hæð, 110 Reykjavík Sími 533 5040, fax 533 5045 - Heimasiða [www.allianz.is](http://www.allianz.is) - e-mail [allianz@allianz.is](mailto:allianz@allianz.is)





Rótarygjafavara

FANNAR Lækjartorgi  
S: 551-6488

**KPMG**  
*Allrahanda*  
EXCURSIONS

Vetingahúsið Esja  
Hotel Esju  
**ÍSTEX**  
ÍSLENSKUR TEXTÍLIÐNAÐUR HF.

**FLUGFÉLAG ÍD  
ATLANTA**  
ÍSLANDSBANKIFBA

**Ferskt  
Lambhagasalat**

**Lambhagi**

Vistvæn ræktun



# Minningar frá fyrrverandi umdæmisstjóra

Forseti klúbbsins, Jón Garðar Ágústsson, hafði samband við einnig gott samstarf við starfsmann umdæmisins Þórdísi Árnadóttur.

  
Eirikur umdæmisstjóri

mig og bað mig að rifja upp það eftirminnilegasta frá því ég gegndi starfi umdæmisstjóra, starfsárið 1990 til 1991. Það er að sjálfssögðu margs að minnast frá þeim tíma.

Eftirminnileg námsstefna í Dallas í Texas vorið 1990, þar sem yfir 500 tilvonandi umdæmisstjórar viðsvegar úr heiminum söttu fræðslu á vegum Rotary International. Páttakendur, makar og starfsmenn töldu liðlega 1.500 og bjuggu allir á einu og sama hótelinu.

Ógleymanlegar heimsóknir í alla íslensku rótaryklúbbana þar sem okkur Sigrún, konu minni, var tekið með sérstakri hlýju og gestrisni.

Samvinna og góð kynni af fjölmörgum nefndarmönnum sem skipuðu nefndir rótary umdæmisins og umdæmisráð og

mig og bað mig að rifja upp það eftirminnilegasta frá því ég gegndi starfi umdæmisstjóra, starfsárið 1990 til 1991. Það er að sjálfssögðu margs að minnast frá þeim tíma.

Pátttaka í ráðstefnum á vegum Rotary International, umdæmisþingi í Svíþjóð, útgáfa mánaðarbréfs umdæmisstjóra og fl...

## Ógleymanlegur stuðningur

En það sem kom strax upp í hugann og er tvímælalaust eftirminnilegast er hvað eigin kona míni Sigrún Árnadóttir stóð vel við bakið á mér og sú samstaða og styrkur sem ég fékk frá klúbbfélögum mínum í Rótaryklúbbi Mosfellssveitar og þeirra mökum, allt frá fyrsta degi og þar til ég hafði skilað af mér.

Það var táknað, tilkomumikið og eftirminnilegt þegar ég tók við umdæmisstjórastarfina á umdæmisþinginu í Keflavík í júní 1990, þegar félagarnir úr Rótaryklúbbi Mosfellssveitar og makar þeirra, sem voru fjölmennir á þinginu, gengu sem einn maður og stilltu sér upp á bak við okkur Sigrúnu. En það var ekki aðeins táknað. Það var eins og heiðursmannasamkomulag. Allir voru alltaf tilbúinir að veita okkur stuðning og rétta hjálparhönd hvenær sem var og til hvers sem var.



Eiríkur og Sigrún með alheimsforseta og eiginkonu hans



Frá umdæmisþingi, Hótel Órk 1991

## Formótið og umdæmisþingið

Sú kvöld fylgir starfi umdæmisstjóra að í lok starfsárs hans ber honum og klúbbi hans að sjá um undirbúning og framkvæmd formóts og umdæmisþings. Þetta er mikil vinna sem krefst góðs skipulags.

Yfirskrift umdæmisþingsins var "NÝ ÖLD Í AUGSÝN", en verkefnið gekk undir vinnuheitinu "UMDÆMISPINGIÐ OKKAR" og gerir það enn.

Ég fékk Georg H. Tryggvason til að taka að sér formennsku í undirbúningsnefnd vegna umdæmisþingsins. Hann fékk svo til liðs við sig í nefndina þá Friðbert Páls-son, Knút Óskarsson, Vigfús Aðalsteinsson og Örn Höskuldsson. Á herðum þessara manna hvíldi mikil vinna og ábyrgð. Frá því á haustdögum 1990 hittumst við, fyrst hálfsmáðarlega og svo vikulega í bakherbergi á kaffiteríunni í Norræna húsinu, bárum saman bækur okkar og lögdum drög að næstu skrefum. Þannig gekk þetta fram að umdæmisþinginu, sem haldið var að Hótel Órk í Hveragerði í lok júní 1991. Þessi hópur var harðsnúinn og samhentur og skilaði afskaplega góðu starfi.

Þegar kom fram á vorið voru svo skipaðar undirnefndir og fleiri virkjaðir, þannig að þegar kom að þinghaldinu sjálfu voru allir klúbbfélagar og makar þeirra farnir að hafa mikilvægum verkefnum að sinna.

Þinghaldið sjálft gekk svo eins og vel smurð vél og var lengi minnst af mörgum rótaryfélögum sem sérstaklega vel heppnað að þinghalds.

Ég vil nota þetta tækifæri til að endurta kaðkir mínar til allra þeirra sem studdu míg svo dyggilega. Kærar þakkir til ykkar allra.

Eiríkur Hans Sigurðsson  
f.v. umdæmisstjóri



Á. ÓSKARSSON EHF.  
Overholti 8 • 270 Mosfellsbæ • Sími 566 6600 / 566 7200




Nytjaskógar  
H. Sigurðsson  
Arnartanga 74 • 270 Mosfellsbæ

Fagmennska í fyrirrumi  
**RÉTTINGAVERKSTÆÐI**  
**JÓNS B.** ehf.

G.P. G. PÁLMASSON ehf.  
Funnahöða 12 • 130 Reykjavík  
Sími 567 4080 • Fax 567 4084 gp@gp.is  
RAFLAGNIR-BODLAGNIR-TÖLVULAGNIR


# Útilegu-annáll

Frá upphafi hefur það verið eitt að sérkennum rótarýklúbbsins okkar hve fúsir félagarnir hafa verið til sameiginlegra ferðalaga. Mætti jafnvel halda því fram að klúbburinn hafi að þessu leyti verið dálíð fjölskylduvænn. Makar og börn hafa ætíð tekið þátt í þessum ferðum og í seinni tíð hefur tengdasonum og -dætrum fjölgæð til mikilla muna svo ekki sé minnst á blessuð barnabörnin.




## Betri „græjur“

Ýmislegt hefur svo sem breyst á þessum 20 árum. Gömlu tjöldin eru horfin af svíðinu og þar með þessar skemmtilegu uppákomur, sem stundum urðu, þegar menn uppgötvudu um seinan að tjaldsúlupokinn tilheyrði einhverju allt öðru tjaldi en því þeir hugðust gista í þá helgina. Við höfum gengið í gegnum tjaldvagnabyltinguna eins og önnur landsins börn og nú gerast sífellt algengari fellihýsi þau, sem í okkar hópi ganga undir nafninu "ellibraggi"; húsakynni sem helst má jafna í þægindum og búnaði til sumarbústaða á hjólum. Í takt við það hefur bílaflotanum eitthvað farið fram og vélaraflíð vaxið.



Áð i Drangey



Pokahlaup hjá þeim yngstu

9

## Grillað, sungið og spilað...

Dagskráin hefur líka orðið stilltari með tímanum. Menn eru hættir að stunda sjálfir pokahlaup, hástökk og aðrar slíkar háskalegar íþróttagreinar, eins og gert var kappssamlega fyrstu árin. Orðnir eitthvað misvel til slíks fallnir og gætnari. En börnin og barnabörnin halda því merki enn hátt á lofti. Hins vegar sitja menn í seinni tíð jafnvel enn fastar og lengur við grillin en áður og úthaldið er furðu gott við söng og glens þegar kveikt hefur verið í varðeldinum ómissandi og gítarinn dreginn fram.

## Hetjudáðir í Skagafirðinum

Ekki má þó skilja þetta svo að við séum allir hrumir og aldurhnignir orðnir. Síður en svo. Sannaðist það ótvíraett í síðustu útilegu sem var farin á Bakkaflöti í Skagafirði við metþáttöku. Milli 80 og 90 manns, að því er talið var. Þá arkadí hópurinn á fyrri deginum frá Reykjunum á Reykjaströnd, þangað sem Grettir sótti eldinn forðum daga, um stórgrýtta urð og torfarna allar götur út í Glerhallavík, klifu síðan Drangey á síðari deginum eða fóru í flúðasiglingu á þeiri ógúrlegu Jökulsá austari. Allt voru þetta sannkallaðar hetjudádir.

## Saga sumarferðanna

Fyrsta útilegan var farin á stofnári klúbbsins 1981 og þá að Húsafelli. Aftur varð Húsafell fyrir valinu árið 1982 eftir að hafa sigrað Bolabás á Þingvöllum naum-

lega í kosningu á klúbbfundu. Árið 1983 varð Þjórsárdalur fyrir valinu en þá rigndi hann bæði eldi og brennisteini. Árið 1984 var ferðin hinsvegar felld niður vegna þess að einn félagana og fyrrverandi forseti klúbbsins hafði skömmu áður lent í flugslysi og þótti tvísýnt um batahorfur hans. Á sama veg fór árið 1985 en þá um haustið var reyndar haldin mikill haustfagnaður að Skógarnesi, svokölluð skógarhátið, sem varð allfræg og þótti koma í stað útilegunnar. Árið 1986 var svo farin fyrri berjtáinslu- og gæsaveiðiferð klúbbsins vestur á Barðaströnd. Gist var við Bjarkarlund og ferðin endurtekin árið 1987. Aflaðist í báðum þessum ferðum vel af berjum og munnyllir af gæs. Árið 1988 urðu Landmannalaugar fyrir valinu, Hvammstangi árið 1989 og Básar árið 1990. Síðari áratuginn af lífshlaupi klúbbsins hafa ferðirnar verið farnar sem hér greinir: Árið 1991 var farið að Hólum í Hjaltadal, 1992 í Álfaskeið, 1993 var aftur farið að Húsafelli, 1994 að Seljavallalaug undir Eyjafjöllum, 1995 að Steinastaðaskóla í Skagafirði og árið 1996 var ferðinni heitið í Stykkishólm. Árið 1997 varð Varmaland í Borgarfirði fyrir valinu og Bjarnastaðir í sömu sveit ári síðar. Árið 1999 var haldið til Hvammstanga og síðasta ferðin var, eins og áður segir, farin á Bakkaflöti í Skagafirði.

## Hvernig sem veðrið lætur

Eins og gengur á okkar góða landi, hefur útileguveðrið verið með ýmsum hætti. Við höfum fengið okkar skammt af þessu yndislega síðsumarsveðri, sem vermir upp sálina. En líka verið við að hefjast á loft, nú eða rigna niður. Í raun hefur veðrið þó skipt minnstu máli. Þegar hópurinn er samhentur og félagsandinn góður verður útilegan vel heppnuð, hvernig sem veðrið lætur, og minningin um hana ljúf og góð.

Bílapartasala Gardðars  
Flugumýri 8 – 270 Mosfellsbæ

Símar 566 7722 – 566 7274

  
Landsvirkjun

  
MOSFELLSBLADID

## Tímamót í sögu Rótarýklúbbs Mosfellssveitar

Þrír nýir félagar gengu í Rótarýklúbb Mosfellssveitar nýverið. Það eru þau Ragnar Sigbjörnsson, prófessor við Háskóla Íslands, Sigríður Anna Þórdardóttir, alþingismaður og Elísabet Ólafsdóttir, skrifstofustjóri hjá sáttasemjara ríkisins. Þær stöllur Sigríður Anna og Elísabet eru fyrstu konurnar sem boðin er innganga í okkar félagskap. Sá atburður markar óneitanlega nokkur tímamót.



Fyrstu konurnar í Rótarýklúbbi Mosfellssveitar

### Tímamótadómur

Þar til árið 1987 voru rótarýklúbar hreinraektaðir karlaklúbar. Það var beinlínis mælt fyrir um það í lögum hreyfingarinnar, að einungis karlmenn gætu fengið inngöngu. Það ár gekk hinsvegar í hæstarétti Bandaríkjanna dómur í máli, sem einhver kjarnakona höfðaði gegn alþjóðahreyfingu rótarýs til að fá þessu hnekkt.

Hún vann málið.

Þetta taldist ólögmæt kynjamismunun og rótarýmenn í Bandaríkjunum mátru láta sig hafa það að breyta grundvallarlögum sínum.

Í framhaldi af því ákvað síðan löggjafarþing rótarýs tveim árum seinna að þessi breyting skyldi gilda um allan heim. Það þótti óheppilegt að ekki giltu um hreyfinguna sömu lög og reglur.

Ýmsir aðrir þjónustuklúbar halda enn í kynjaskiptinguna og taka eingöngu inn karlmenn. Lions, Kiwanis, Oddfellowar og kannski einhverjir fleiri.

### Viðhorfin að breytast

Íslenskum rótarýmönnum hefur gengið misjafnlega vel að kingja þessum dómi og afleiðingum hans. Þar kemur sjálfsagt ýmislegt til, líka sú gamalkunna og landlæga þrjoska, að vilja ekki láta einhvern annan ráða yfir sér frekar en Bjartur í Sumarhúsum forðum daga.

Sumir þrjóskast við enn í dag og er það auðvitað þeirra mál. Fæstum þykir það þó ekki sniðugt lengur og heldur ekki sérstaklega stórmannlegt. Viðhorfin eru að breytast hratt og sífellt fleiri klúbbar opna dyr sínar fyrir konum.

Þeir klúbbar, sem nú eru stofnaðir, eru flestir eða allir blandaðir klúbbar.

### Nýir félagar - konur

Konurnar munu því hafa í þessu máli sigur á endanum, eins og í öðru. Okkur er það sérstök ánægja og heiður að bjóða þessa ágætu liðsmenn velkomna í okkar hóp og minnum á það sem þjóðskáldið Matthías sagði einhverju sinni „að konan væri piparinn í lífsins plokkfiski.“

**G. PÁLMASON ehf.**  
Funnheiða 12 · 130 Reykjavík  
Sími 567 4080 · Fax 567 4084 · gp@gp.is  
RAFLAGNIR-BODLAGNIR-TÖLVULAGNIR

**Allar  
fóðurvörur  
fyrir  
íslenskan  
búpening**

Fjölbreyttar — Ferskar — Fyrsta flokks  
FB-Fóðurblöndur

Kúafóður — Svínafóður  
Hænsnafóður — Hestafóður  
Kanínufóður

Auk þess fóðursölt og vítamín fyrir allt búfé

Veitum góðfúslega allar upplýsingar  
um fóður og fóðrun

Fljót og góð þjónusta — sendum um allt land

**FÓÐURBLANDAN HF.**  
KORNGARDI 12 · S: 568 7766 · SUNDAHÖFN  
**FORYSTA Í FÓÐURBLÖNDUN**




**BÚNAÐARBANKINN**

**Jerskir**  
KJÚKLINGAR

- finndu muninn

# HVER ÞJÓNAR þínu öryggi?



YODA/SIA

Það er fátt eins mikilvægt í lífinu og öryggi.  
Þess vegna áttu rétt á að fá örugga leiðsögn og fyrsta  
flokks þjónustu þegar tryggingamál þín eru annars vegar.  
Komdu eða hafðu samband, við gerum alltaf okkar besta.



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN HF

-þegar mest á reynir!

Aðalstræti 6 - 8 • 101 Reykjavík • Sími 515 2000 • [www.tmfh.is](http://www.tmfh.is)



KOMDU ÚT AÐ LEIKA



BEINN OG BREIÐUR VEGUR - ALLS STAÐAR